

Reykholum 6. nóvember 2023

Erindi frá Þörungamiðstöð Íslands hf.

Ágæta Fjárlaganefnd Alþingis.

Milli sjávar og sveita er fjara. Milli sjávarútvegs og landbúnaðar eru nytjar á sjávargróðri. Sjávargróður er mikilvæg auðlind sem hefur verið vanrækt og er lítið þekkt og rannsökuð við Ísland, ólíkt því sem tíðkast annars staðar.

Meðal annars vegna þessa var Þörungamiðstöð Íslands hf. (ÞMÍ) stofnuð 02.02.2022. ÞMÍ eru sett háleit markmið um rannsóknir, fræðslu og nýtingu þörungum við Ísland. Hún skal afla og safna þekkingu í gagnabanka með rannsóknum og úrvinnslu þeirra í samræmi við vaxandi áhuga og eftirspurn. Stefnt er að námskeiðahaldi á heimsmælikvarða og miðlun þekkingar í samstarfi við rannsóknastofnanir, háskóla og samfélagið á svæðinu, frumkvöðla í greininni og iðnaðinn. Þörungamiðstöðin mun taka á móti nemendum, ungum sem öldnum, einstaklingum og hópum, innlendum sem erlendum. Verið er að byggja upp rannsóknaraðstöðu og þjónustu við vísindamenn og frumkvöðla sem og líffræðilegar rannsóknir og vöktun á lífríki. Viljayfirlýsingar hafa verið undirritaðar við Hafró, Háskóla Íslands, Matís og Háskólann á Hólum.

Starfsemin sem verið er að móta á Reykhólum tengist beint aukinni áherslu stjórnvalda á sjálfbærri nýtingu, innlendra matvælavinnslu, nýsköpun og rannsóknastarfsemi á landsbyggðinni sem og öflugri vistkerfisrannsóknum í hafinu.

Að félaginu standa Reykhólahreppur og Þörungaverksmiðjan hf. sem lögðu henni stofnfé, samtals 6 milljónir króna. Fyrirtækið hefur tryggt sér húsnæði með leigusamningi til 10 ára í iðnaðarhúsnæði að Suðurbraut 3 á Reykhólum. Nýverið fékk Þörungamiðstöðin Íslands 15millj. kr. framlag úr ríkissjóði sem samþykkt var á fjárlögum haustið 2022. Stjórn Þörungamiðstöðvar vill þakka bæði Atvinnuveganefnd og Ráðuneyti matvæla fyrir þetta mikilvæga framlag. Vegna þess hefur stjórn félagsins getað stigið næsta skref og fest kaup á fjölbreyttum búnaði til rannsókna og tilraunaframleiðslu á afurðum úr þörungum. Keyptur var búnaður af ýmsum toga fyrir 25millj. kr. Þegar þetta er skrifað er verið að setja upp fyrstu tækin og ganga frá samningum við fyrstu leigjendur á aðstöðu.

Þörungamiðstöðinni er að vaxa fiskur um hrygg, hægar en stefnt var að en af varúð og fyrirbyggju. Í undirbúningi er að ráða fyrsta starfsmann fyrirtækisins, verkefnastjóra í hlutastarfi. Vegna nálægðar við Þörungaverksmiðjuna mun nýr starfsmaður fá mikinn stuðning þaðan auk þess sem verksmiðjan býður fram skip sín og aðra mögulega aðstoð og aðstöðu. Verksmiðjan mun að auki beina rannsóknaverkefnum til Miðstöðvarinnar, auk styrkja og fjármagns vegna eigin rannsóknarverkefna.

ÞMÍ er að undirbúa tillögu til ráðuneytis um árlegan stuðning við starfsemina til að skjóta styrkari stoðum undir rekstur þekkingarsetursins. Í millitíðinni er óskað eftir stuðningi Fjárlaganefndar svo ekki hægi á uppbyggingu þar sem í undirbúningi er gerð kennsluefnis og uppsetning á aðstöðu til kennslu auk aðstöðu fyrir rannsóknir og vöktun.

Það er ósk aðstandenda fyrirtækisins að Íslenska ríkið taki þátt í áframhaldandi uppbyggingu með 15 millj kr framlagi. Það er sú upphæð sem talin er geta staðið undir launum sérhæfðs starfsmanns í eitt ár.

Virðingarfyllt

Fyrir hönd stjórnar Þörungamiðstöðvar Íslands

Annað

Þörungar og viskerfi

Í fjörum landsins og á grunnsævi vaxa þang og þari; kallaðir einu nafni þörungar eða stórþörungar. Erlendis er þessi mikilvæga auðlind vel þekkt, mikið rannsökuð og ræktuð, og höfð til fjölbreyttra nota. Um heim allan fer áhugi á sjávargróðri hratt vaxandi og ástæður erum margar; sívaxandi þörf á meiri mat og próteinum, fjölbreytileg innihaldsefni með margvísleg notagildi og ekki síst vegna þess að vistkerfi í sjó hafa víða skemmt eða liggja undir skemmdum.

Hér á landi hafa tvær tegundir þörungna, klóþang og hrossaþari, verið nytjaðar í um 50 ár á sjálfbæran hátt af Þörungaverksmiðjunni hf. á Reykhólum. Almenn skortir þekkingu á þörungum á Íslandi og t.d. hafa engin námskeið á háskólastigi hafa verið haldin frá árinu 1982. Grunnrannsóknir á sjávarþörungum eru teljandi á fingrum handa og varasamt er að auka við nýttjar sjávargróðurs á svo veikum grunni.

Þörungamiðstöð Íslands hf., kt. 560222 2620, var stofnuð í febrúar 2022

Þörungamiðstöð Íslands er ekki ætlað að verða gróðafyrirtæki en tekjur, styrkir úr íslenskum og erlendum samkeppnisjóðum, tekjur af samstarfsverkefnum, leiga o.fl. eiga að standa undir rekstri félagsins. Enginn vafi leikur á að vaxandi áhugi er á Íslandi á nýtingu þangs og þara en þekkingu og rannsóknir og tilrauna- og þróunaraðstöðu vantar. Þörungamiðstöðin fékk Lóu-styrk til stefnumótunar og lykilstofnanir í rannsóknum hafa þegar skrifað undir samstarfssamninga við ÞMÍ. Fleiri óska eftir samstarfi og hefur stofnun Miðstöðvarinnar verið fagnað meðal frumkvöðla og fyrirtækja auk erlendra aðila. Eftirspurn eftir þörungaaafurðum hefur vaxið að undanförunu og margir hyggja á þörungaræktun og -vinnslu. Grunnstöðir vantar tilfinnanlega fyrir geirann hér á landi á meðan stefnt er á miklu meiri hagnýtingu. Í þessu felast tækifæri og þörfin fyrir Þörungamiðstöð Íslands er ærin.

Í stjórn sitja Hólmfríður Sveinsdóttir, rektor Háskólans á Hólum, Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri Reykhólahrepps, og Finnur Árnason, framkvæmdastjóri Þörungaverksmiðjunnar hf.

Aðstandendur ÞMÍ

Reykhólhreppur er helmingseigandi að fyrirtækinu og stendur með og styður við það. Hreppurinn á undir högg að sækja; telst um það bil til Brothættra byggða. Hreppurinn er þátttakandi í hringrásarverkefni Umhverfisráðuneytisins og vinnur að undirbúningi að stofnun grænna iðngarða sem byggja á mögulegri fullnýtingu jarðhita á svæðinu og starfsemi Þörungamiðstöðvar Íslands hf. Standa vonir til að bæði muni fleiri aðilar nýta sér framleiðsluaðstöðu fyrirtækisins, samningar náist við rannsóknarstofnanir um vöktun og rannsóknir á vistkerfi Breiðafjarðars og að aðstaða til náms og kennslu verði nýtt sem best. Þessari starfsemi er, auk annars, er ætlað að draga bæði fleiri gesti og fleiri vinnandi hendur að svæðinu. Reykhólahreppur, sem er 250 manna sveitarfélag, myndi eflast við frekari verðmætasköpun og fleiri atvinnutækifæri.

Þörungaverksmiðjan er sterkt og öflugt „fyrirmyndar og framúrskarandi fyrirtæki“ með 50 ára sögu í nýtingu þangs og þara úr Breiðafirði. Verksmiðjan á helming í ÞMÍ og styður við félagið á marga vegu. Auk þess að hafa keypt þjónustu og ráðgjöf, bíður það fram öryggistæki, báta, „veiðarfæri“, vinnuaðstöðu og miðlar af staðbundinni þekkingu og reynslu. Verksmiðjan þarfnast sífellt meiri sérfræðiþjónustu sem sækja mætti til ÞMÍ. Dæmi: Verksmiðjan greiddi Þörungaklaustrinu ehf. fyrir að sækja um Eurostar styrk til þróunar og prófana á þangsafta til húðunar á ávöxtum og grænmeti í stað þess að nota plast eða vax. 20 millj kr styrkur fékkst. Styrkféð hefur síðan bæði nýst verksmiðjunni, Klaustrinu og Þörungamiðstöðinni. Það er vilji Þörungaverksmiðjunnar að beina slíkum verkefnum í auknum mæli til ÞMÍ sem undirverktaka. Þá sér verksmiðjan fyrir sér ýmis önnur verkefni og þjónustu sem Þörungamiðstöðin getur sinnt.